

**2174. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimfundaginn 10. mars 2016 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00.**

---

Mættir: Geir Þorsteinsson, Guðrún Inga Sívertsen, Gylfi Þór Orrason, Gísli Gíslason, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Jóhannes Ólafsson, Kristinn Jakobsson, Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson, Rúnar V. Arnarson og Vignir Már Þormóðsson. Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll:

---

Þetta var gjört:

Formaður setti fund og bauð Kristinn Jakobsson velkomin í stjórn.

1. Fundargerð síðasta fundar
  - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
2. Embættismenn stjórnar
  - Samþykkt að skipa Guðrúnu Ingu Sívertsen varaformann, Gylfi Þór Orrason gjaldkera og Gísla Gíslason ritara.
3. Skipan nefnda
  - Tillaga formanns um skipan nefnda samþykkt, sjá fylgiskjal 1.
4. Starfsreglur nefnda
  - Formaður fór yfir starfsreglur stjórnar.
  - Formenn nefnda beðnir um að endurskoða starfsreglur nefnda sinna fyrir næsta stjórnarfund. Formenn nefnda eru ábyrgir fyrir því að kynna starfsreglur nefnda og síðareglur KSÍ fyrir nefndarmönnum á fyrsta fundi hverrar nefndar.
5. Endurskoðunarskýrsla
  - Gylfi Þór Orrason gjaldkeri stjórnar fór yfir skýrslu endurskoðenda.
6. Ársþing KSÍ
  - Samþykktir þingsins.
    - Þingskjal 7, tillaga um breytingar á lögum KSÍ um deildarkeppni kvenna: Stjórn samþykkti nýja reglugerð. Sjá fylgiskjal 2.
    - Þingskjal 8, ályktunartillaga um leikmannaskiptingar í 3. deild. Reglugerðarbreyting sem heimilar 5 leikmannaskiptingar í 3. deild karla og 2. deild kvenna samþykkt. Sjá fylgiskjal 3.
    - Þingskjal 9, ályktunartillaga um hlutgengi leikmanna. Stjórn samþykkti að vísa málinu til mótanefndar.
    - Þingskjal 10, ályktunartillaga um eldri leikmenn í 3. flokki. Stjórn samþykkti að vísa málinu til mótanefndar.
    - Þingskjal 11, 12 og 13 um aga- og úrskurðarmál. Lagðar fram og samþykktar breytingar á reglugerðum um aga- og úrskurðarmál og um áfrýjunardómstól KSÍ sem taka gildi 25. apríl næstkomandi. Sjá fylgiskjal 4.
    - Þingskjal 14 um knattspyrnuleikvanga. Tillaga um breytingu á reglugerð verður lögð fram á næsta stjórnarfund.
    - Þingskjal 15, 16, 18 og 19 um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Vísað til nýskipaðs starfshóps um málið.
    - Þingskjal 17 um skráningargjald félagaskipta. Tillaga um breytingu á reglugerð verður lögð fyrir næsta stjórnarfund.
  - Þinggerð ársþings lögð fram til kynningar.

- Samþykkt að skoða möguleikann á því að halda ársþing KSÍ 11. febrúar 2017 í Vestmanneyjum. Endanleg ákvörðun verður tekin á næsta stjórnarfundi.

#### 7. Málefni deilda

- Samkomulag KSÍ og ÍTF vegna málefna efstu deildar karla samþykkt.
- Efsta deild kvenna: Fundur með Hagsmunasamtökum félaga í Pepsi-deild kvenna er á dagskrá í næstu viku.
- Samningur milli Ölgerðarinnar og 365 vegna Pepsi deilda er staðfestur til næstu þriggja ára.

#### 8. Laugardalsvöllur

- Samþykkt að senda Reykjavíkurborg erindi varðandi framtíðaruppbyggingu á Laugardalsvelli og samþykkt að gera hagkvæmnisathugun. Sjá fylgiskjal 5.

#### 9. Landsliðsmál

- Ný keppnistreyja hefur verið kynnt.
- A landslið karla, framundan eru vináttulandsleikir við Danmörku 24. mars og Grikkland 29. mars.
- A landslið kvenna, lék vináttulandsleik við Pólland 13. febrúar og lauk leiknum með 1-1 jafntefli.
- A landslið kvenna lék á Algarve Cup í mars og hafnaði í 3ja sæti mótsins. Liðið sigraði Belgíu 2-1 í fyrsta leik, Danmörku 4-1 í öðrum leik, tapaði naumlega 0-1 fyrir Kanada og gerði 1-1 jafntefli við Nýja Sjáland í lokaleik sínum í mótinu.
- U21 karla, leikur í undankeppni EM gegn Makedóníu 24. mars.
- U17 karla, lék tvo vináttuleiki við Skota. Fyrri leikurinn fór fram 23. febrúar og lauk leiknum með 2-1 sigri Skota. Seinni leikurinn fór fram 25. febrúar og lauk með 1-0 sigri okkar liðs.
- U17 karla leikur í milliriðlum EM um mánaðarmótin mars/apríl í Frakklandi.
- U17 kvenna leikur í milliriðlum EM í mars í Serbíu.

#### 10. Mótamál

- Drög að mótum sumarsins voru send til aðildarfélaga fyrir í dag.
- Rætt um úrslitakeppni Lengjubikars en nokkur félög hafa tilkynnt um utanlandsferðir á sama tíma og úrslitakeppnin fer fram.
- Tekið fyrir erindi frá Kára vegna sekta vegna ólöglegra leikmanna í Lengjubikar. Sektirnar standa.

#### 11. Dómaramál

- Gylfi Þór Orrason fráfarandi formaður dómaranefndar fór yfir breytingar á knattspyrnulögnum sem taka eiga gildi á alþjóðavísu 1. júní næstkomandi. Um 94 breytingar er um að ræða, sumar veigamiklar. Unnið að því að taka breytingarnar í gildi hér á landi í upphafi Íslandsmóts og bikarkeppni. Lokaákvörðun um gildisdag verður tekin á næsta stjórnarfundi.
- Kristinn Jakobsson nýr formaður dómaranefndar fór yfir stöðu dómaramála.

#### 12. UEFA

- Theodore Theodoridis hefur verið skipaður framkvæmdastjóri UEFA til bráðabirgða.

#### 13. FIFA

- Gianni Infantino var kjörinn forseti FIFA á ársþingi FIFA 26. febrúar sl.

#### 14. Önnur mál

- Geir Þorsteinsson kynnti ályktun og undirskriftasöfnun sem hann tók á móti varðandi nöfn á treyjum leikmanna. Vilji leikmanna ræður.
- Samþykkt að tvöfalda verðlaunafé í öllum deildum karla og kvenna í Lengjubikarnum.



- Rætt um reglugerðarbreytingu á reglugerð KSÍ um samninga- og félagaskipti varðandi hlutfall félagaskiptagjalds. Svokölluð 25% leið hefur þegar verið kynnt fyrir aðildarfélögum KSÍ en stjórn þykir rétt að skoða aðra skiptingu félagaskiptabóta og kynna aðildarfélögum og óska eftir viðbrögðum félaganna. Stefnt á að senda út kynningarbréf í næstu viku og leggja málið aftur fyrir næsta stjórnarfund.
- KSÍ hefur mótttekið svar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna beiðni KSÍ um fjárstyrk frá ráðuneytinu til átaks KSÍ við endurnýjun gervigras á sparkvöllum landsins. Beiðni KSÍ var hafnað.
- Gísli Gíslason formaður mannvirkjanefndar og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri verða fulltrúar KSÍ á fundi hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis varðandi þingsályktun um notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 18:40.